

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Reglur og eftirlit með styrkjum og samstarfs- og þjónustusamningum

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sem barst þann 14. janúar sl., um reglur og eftirlit með styrkjum og samstarfs- og þjónustusamningum. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Lagt er fram í borgarráði tillögur um fjárframlög og samstarfssamningar við félagasamtök af ÍTR til samþykktar. Óskað er svara við eftirfarandi spurningum: Hvernig er séð til þess að gætt sé að samræmingarþáttum milla sviða/greina, hvort reglur séu skilvirkar, hvort gætt sé jafnræðis, jafnréttis og mannréttinda við ákvörðun styrkja og samstarfssamninga? Taka reglur um styrkveitingar og samstarfssamninga t.d. á ábyrgðarhlutverki aðila er varðar skil styrkþega á greinargerðum um hvernig styrkfé hefur verið varið líkt og kveðið er á um í reglum? Er eftirlitshlutverk skýrt t.d. gagnvart fjármálaskrifstofu hvað varðar skil á greinargerðum? Hvernig er fjárhagslegu innra eftirliti háttað með samstarfs- og þjónustusamningum? Eru til skriflegir verkferlar um eftirlitsaðgerðir og skilgreindar aðgerðir við brotum á samningum? Er skýrt t.d. hvað á að teljast til styrkja en ekki fjárhagsaðstoðar? Enda þótt reglum sé fylgt þá útfæra sviðin þær á sinn hátt og þá má spyrja hvort útfærsla sé mismunandi?.“

Hvernig er séð til þess að gætt sé að samræmingarþáttum milla sviða/greina?

Starfsfólk fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS) les yfir allar umsóknir sem berast auk þess sem starfsfólk frá fagsviðum og skrifstofu borgarstjórnar hittast á fundi ásamt starfsfólki FAS og fara yfir umsóknir til þess að ganga úr skugga um að allar umsóknir fái efnislega meðferð á því sviði sem fellur best að umsókninni. Þannig er gengið úr skugga um að umsóknir um samskonar eða sambærileg verkefni endi ekki hjá sitthvoru fagræðinu auk þess sem þetta verklag kemur í veg fyrir að sama umsóknin berist til fleiri en eins fagraðs.

Eru reglur skilvirkar?

Í skýrslu starfshóps um aukið gagnsæi styrkjaúthlutana Reykjavíkurborgar¹, sem samþykkt var í borgarráði 2. júlí 2020, eru tillögur um að yfirfara reglur Reykjavíkurborgar um styrki og sameinaðar reglur í Styrkjahandbók. Með þessu verða reglur og styrkjahandbók skýrari og aðgengilegri. Þessi vinna er hafin og er langt komin.

¹ Sjá vefslóð: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/starfshopur_um_aukid_gagnsaei_styrkjauthlutana_lokaskil_9.6.20_0.pdf

Er gætt jafnræðis, jafnréttis og mannréttinda við ákvörðun styrkja og samstarfssamninga?

Fagráðin taka endanlega ákvörðun um umsóknir um styrki og/eða samstarfssamninga og bera því ábyrgð á því að þau verkefni sem hljóta styrk eða samstarfssamninga falli undir mannréttindastefnu Reykjavíkur. Það sama á við í þeim tilvikum þar sem fagráðin skipa faghópa.

Taka reglur um styrkveitingar og samstarfssamninga t.d. á ábyrgðarhlutverki aðila er varðar skil styrkþega á greinargerðum um hvernig styrkfé hefur verið varið líkt og kveðið er á um í reglum?

Í 13. gr. reglna Reykjavíkurborgar segir: „Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.“ Í 16. gr. sömu reglna segir: „Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið. Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.“

Er eftirlitshlutverk skýrt t.d. gagnvart fjármálaskrifstofu hvað varðar skil á greinargerðum?

Samkvæmt núgildandi reglum frá 2017 ber styrkþegum að gera grein fyrir því hvernig styrkfé hefur verið varið fyrir árslok. Fagsviðin hafa haldið utan um þessar greinagerðir og séð um að innheimta þær ef þær skila sér ekki. Þeim hefur verið, í einhverjum tilfellum, skilað á miðlægt netfang og þeim komi áfram þaðan á sviðin.

Í samningum sem fagsviðin gera við styrkþega kemur fram að þeim beri skylda til að skila inn greinagerð.

Í skýrslu starfshóps um aukið gagnsæi styrkjaúthlutana Reykjavíkurborgar kemur fram tillaga stýrihóps um nýtt styrkjaumsóknarkerfi sem geri fagsviðum kleift að halda betur utan um sérhæfða styrki á vegum sviðsins með lágmarksaðstoð hins miðlæga umsjónaraðila.

Hvernig er fjárhagslegu innra eftirliti háttað með samstarfs- og þjónustusamningum?

Eins og kemur fram í Skýrslu starfshóps um aukið gagnsæi styrkjaúthlutana Reykjavíkurborgar er ferli samstarfs- og þjónustusamninga í eðli sínu gjörólíkt ferli styrkjasamninga. Þeir eru venjulega gerðir til lengri tíma og er heimilt að gera slíka samninga til allt að þriggja ára í senn. Ferli þeirra getur verið í gegnum útboð eða beina samningagerð. Fjárhagslegt umfang þeirra er oft mikið með undirliggjandi þjónustukröfum, jafnvel með tilvísun í lög um sérhæfða málaflokka. Í því sambandi er mikilvægt að minna á að slíkir samningar skulu teknir upp að minnsta kosti á þriggja ára fresti og að gætt sé jafnræðis, gagnsæis og jöfnu aðgengi þjónustuaðila að slíkum samningum. Allir samningar eru skráðir og aðgengilegir í Agresso, fjárhagskerfi borgarinnar, með upplýsingum um ábyrgðaraðila þeirra, gildistíma ofl. Með þessu fyrirkomulagi hafa orðið miklar framfarir á gagnsæi og eftirliti með styrkjaúthlutunum borgarinnar síðustu árin, líkt og greint er frá í nefndri skýrslu.

Eru til skriflegir verkferlar um eftirlitsaðgerðir og skilgreindar aðgerðir við brotum á samningum?

Við brot á samningi er Reykjavíkurborg heimilt að rifta honum og krefjast endurgreiðslu. Skilmálar eru

að jafnaði tilgreindir í viðeigandi samningum.

Er skýrt t.d. hvað á að teljast til styrkja en ekki fjárhagsaðstoðar?

Almennir styrkir og samstarfssamningar eru veittir af borgarráði eða fagráðum til félagasamtaka, fyrirtækja eða einstaklinga vegna ákveðinna verkefna. Slíkir styrkir eru ekki veittir til að fjármagna lögbundin verkefni. Engir styrkir teljast því til fjárhagsaðstoðar og eru að öllu leyti frábrugðnir lögbundinni fjárhagsaðstoð eða skyldum styrkjum svo sem vegna náms eða verkfæra- og tækjakaupa fyrir fatlaða einstaklinga eða annað slíkt. Þá falla styrkir umhverfis- og skipulagssviðs um hljóðvistar- og húsverndarstyrki svo og styrkir vegna uppsetningar hleðslubúnaðar fyrir rafmagnsbíla ekki hér undir.

Enda þótt reglum sé fylgt þá útfæra sviðin þær á sinn hátt og þá má spyrja hvort útfærsla sé mismunandi?

Mismunandi útfærslur felast að mestu leyti í því hvort greiddir eru út skyndistyrkir, hvernig og hvort er skipað í faghópa sem fara yfir umsóknir og skila tillögum til fagráða, hvort gerðir eru samstarfssamningar til en eins árs eða styrkir undir 1 milljón króna séu greiddir með fleiri en einni greiðslu. Að öðru leyti er útfærsla sviðanna eins. Þó má tilgreina að eitthvað hefur verið um sérreglur varðandi styrkúthlutanir en þær reglur eru nú í endurskoðun og stendur til að aðeins verði um eitt regluverk að ræða sem nær yfir allar styrkveitingar úr borgarsjóði, líkt og að framan greinir.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*

Fylgigögn:

Skýrsla starfshóps um aukið gagnsæi styrkjaúthlutana